

Tilmæli 5/2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1814/kultur
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Þingmannatillaga um að auka færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku (A 1814/kultur)

Efling á færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 29. júní 2021 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún beiti sér fyrir því að rannsóknarblaðamenskumiðstöðin Senter for Undersøkende journalistikk við Björgvinjarháskóla verði gerð að Norrænni rannsóknarblaðamenskumiðstöð sem getur, í félagi við stofnanir í öðrum norrænum ríkjum, svo sem Norrænu blaðamannamiðstöðina í Árósum (NJC) og blaðamenskudeildina við Gautaborgarháskóla, efnt til svæðisbundinna vinnustofa um ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku, skiptináms og meistaranáms í rannsóknarblaðamennsku

Kaupmannahöfn, 1. júlí 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs